

Mál nr. 343/2019**M og****V1 vegna ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar A og****V2 vegna ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar B****Ágreiningur um bótaskyldu vegna áreksturs hinn 18. september 2019.****Gögn.**

Málskot mótttekið 10.10.2019 ásamt fylgiskjöllum.

Bréf V1 dags. 14.11.2019.

Bréf V2 dags. 18.10.2019 ásamt fylgiskjali.

Viðbótarathugasemdir M, dags. 17.11.2019.

Málsatvik.

Hinn 18. september 2019 varð árekstur milli ökutækja A, sem M ók umrætt sinn, og B. Í skýrslu Aðstoðar & öryggis vegna málsins lýsir M atvikum á þann veg að hún hafi ekið suður Langatanga og inn í ytri hring hringtorgs, en B hafi verið í innri hringnum. Þegar hún hafi ekið út úr hringtorginu og inn á Vesturlandsveg til vesturs hafi bifreið B verið ekið beint af innri hring og inn á hægri akrein þar sem bifreiðarnar hafi rekist saman. B lýsir atvikum hins vegar svo að hann hafi ekið vestur Vesturlandsveg á innri hring hringtorgsins og farið út af því á vinstri akrein Vesturlandsveg. Þegar hann hafi ekið út úr hringtorginu hafi bifreið A verið ekið á hann. Það sé því ekki rétt að hann hafi verið á hægri akrein við áreksturinn, en hann hafi farið á hægri akrein síðar til að afstýra frekara tjóni. Ágreiningur um sakarskiptingu var lagður fyrir tjónanefnd vátryggingafélaganna sem komst að þeirri niðurstöðu að rétt væri að skipta sök til helminga. M fellir sig ekki við þá niðurstöðu og telur ökumann B einan bera sök á árekstrinum.

Í málskoti áréttar M framburð sinn í áðurnefndri skýrslu. Þá tekur hún fram að B hafi ekki numið staðar fyrr en eftir að hún gaf honum hljóðmerki, og þá um 40 til 50 metra frá þeim stað sem áreksturinn varð. Þá lýsir hún þeirri afstöðu sinni að B hafi brotið gegn ákvæðum umferðarlaga með því að skipta um akrein í hringtorgi, gefa ekki merki við akreinaskipti og að haga ekki akstri sínum í samræmi við aðstæður, en blautt og vindasamt hafi verið þennan dag.

Í bréfi sínu til nefndarinnar vísar V1 til þess að ákomur á bifreiðunum séu með þeim hætti að styðji lýsingu M á atvikum. Því beri að leggja alla sök á B.

Í bréfi sínu til nefndarinnar lýsir V2 þeirri afstöðu sinni að gögn málsins styðji ekki framburð annars ökumanns umfram hins og þar sem ósannað sé um atvik málsins beri að skipta sök til helminga.

Álit:

Ökumönnum ber ekki saman um hvernig umræddur árekstur atvikaðist, og bera, í skýrslu sem gerð var vegna atviksins, hvor um sig að hinn ökumaðurinn hafi ekið í veg fyrir sig. Engum vitnum virðist til að dreifa og myndir af ákomum á bifreiðarnar gefa ekki óbyggjandi vísbendingar um atvik. Er því ósannað hver atvik að árekstrinum voru. Verður því ekki séð að efni séu til að leggja sök á annan ökumannanna umfram hinn og verður sök þar af leiðandi skipt til helminga.

Niðurstaða.

M, ökumaður A og ökumaður B bera hvort um sig helming sakar á umræddum árekstri.

Reykjavík, 10. desember 2019.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Guðmundur Stefán Martinsson lögfr.

Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.